| Íslenska við lok 1. bekkjar: | | | |
|---|---|---|---|
| **Námsþættir:** | **Hæfniviðmið<br>Nemandi getur:** | **Námsleiðir** | **Matsviðmið<br>Nemandi:** |
| **Talað mál, hlustun og áhorf** | ● átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi,<br>● beitt skýrum og áheyrilegum framburði,<br>● hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni. | ● virk hlustun,<br>● bekkjarfundir,<br>● leikræn tjáning,<br>● nemendur segja frá. | ● hlustar á aðra og sýnir kurteisi,<br>● hlustar á sögur,<br>● fer eftir einföldum fyrirmælum,<br>● talar eða segir frá fyrir framan hóp. |
| **Lestur og bókmenntir** | ● tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.<br>● beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr<br>● valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju | ● byrjendalæsi,<br>● kórlestur,<br>● skiptilestur,<br>● yndislestur,<br>● heimsókn á bókasafn,<br>● gæðatexti lesinn fyrir nemendur,<br>● þátttökulestur,<br>● lestrar- og bókmenntaverkefni unnin í hringekju,<br>● nýta margmiðlun við hlustun og áhorf,<br>● einstaklings- para- og hópavinna. | ● les að lágmarki 20 orð á mínútu að vori,<br>● þekkir bókstafina og hljóð þeirra,<br>● les léttan texta og orð,<br>● les sinn eigin texta,<br>● þekkir hugtökin: sögupersóna, söguþráður og boðskapur,<br>● þekkir ævintýri og þjóðsögur<br>● skoðar og les bækur heima og í skóla sér til yndisauka.<br>● þekkir ljóð og þulur,<br>● les léttan texta og svarar spurningum úr honum,<br>● les heima fimm sinnum í viku eða oftar. |
| **Ritun** | ● samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð,<br>● skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.<br>● dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega. | ● byrjendalæsi,<br>● ritunarverkefni unnin í hringekju,<br>● einstaklings-, para- og hópavinna,<br>● semja texta,<br>● halda dagbók,<br>● margmiðlun. | ● getur skrifað sína eigin sögu,<br>● þekkir upphaf, miðju og endi á sögu,<br>● kann að skrifa stafina og skrifa þannig að aðrir geti lesið þá,<br>● skrifar stóru stafina stærri en litlu stafina,<br>● lætur stafina sitja á línu, |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | ● hefur bil á milli orða,<br>● les sínar eigin sögur fyrir framan hóp. |
| **Málfræði** | ● leikið sér með orð og merkingu, s.s. með því að ríma og fara í orðaleiki.<br>● þekkt og fundið helstu einingar málsins s.s. bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein. | ● byrjendalæsi,<br>● samvinnunám,<br>● námsleikir og spil,<br>● hlutbundnar æfingar,<br>● verkefni,<br>● stöðvavinna,<br>● kennsluforrit. | ● þekkir að málsgreinar byrja á stórum staf og enda á punkti,<br>● þekkir greinarmerkin: punkt, kommu og spurningarmerki,<br>● skrifar mannanöfn með stórum staf,<br>● þekkir samsett orð,<br>● þekkir samheiti og andheiti,<br>● þekkir sérhljóða og samhljóða,<br>● kann að ríma,<br>● skiptir orðum í atkvæði með því að klappa,<br>● þekkir stafrófið,<br>● þekkir orð og málsgreinar. |

| Stærðfræði við lok 1. bekkjar: | | | |
|---|---|---|---|
| **Námsþættir:** | **Hæfniviðmið<br>Nemandi getur:** | **Námsleiðir** | **Matsviðmið<br>Nemandi:** |
| **Að geta spurt og svarað með stærðfræði** | ● tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði. | ● einfaldar stærðfræðiþrautir,<br>● stærðfræðileikir,<br>● rökræður og rökhugsun,<br>● nýta ýmis hjálpargögn. | ● vinnur með öðrum við að leysa verkefni,<br>● ræðir við aðra um stærðfræði. |
| **Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar** | ● túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál. | ● búa til dæmi út frá myndum,<br>● reikna einföld orðadæmi,<br>● reikna einföld dæmi,<br>● talnaleikir og talnaþrautir,<br>● nýta hjálpargögn /verkfæri. | ● þekkir tíu vini og aðra talnavini,<br>● þekkir mínus/frádrátt,<br>● þekkir plús/samlagningu,<br>● þekkir jafnt og/sama sem,<br>● kann að reikna einföld orðadæmi,<br>● þekkir nöfn og röð vikudagana,<br>● kann að nota talnalínu til að leysa dæmi. |
| **Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar** | ● unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda,<br>● lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð. | ● búa til dæmi og reikna,<br>● nýta hjálpargögn,<br>● rökræður,<br>● samvinna/hópavinna,<br>● réttur stafdráttur á tölustöfum,<br>● útikennsla. | ● vinnur með öðrum í spilum,<br>● kann að nota talnagrind, kubba, talningarstrik, teikningar og fingur til að reikna. |
| **Tölur og reikningur** | ● notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman,<br>● reiknað með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt. | ● skilja og tengja tölur við fjölda,<br>● reikna einföld stærðfræðidæmi,<br>● leysa einfaldar stærðfræðisögur,<br>● nota ýmis hjálpargögn,<br>● talnahús/sætisgildi,<br>● útikennsla. | ● kann að leggja saman tölustafi upp í 10,<br>● kann að telja upp í 10,<br>● kann að skrifa tölustafina 1-10,<br>● kann að draga frá tölustafi upp í 10,<br>● kann að telja upp í 20, |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | | ● kann að skrifa tölustafina 11-20,<br>● kann að leggja saman tölustafi upp í 20,<br>● kann að draga frá tölustafi upp í 20,<br>● þekkir einingar og tugi,<br>● kann að skipta tveggja stafa tölu upp í einingar og tugi. |
| **Algebra** | ● kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti. | ● mynsturgerð,<br>● óþekkt tala í einföldum samlagningardæmum fundin,<br>● útikennsla,<br>● þrautalausnir. | ● þekkir óþekkta þáttinn (3+_=7)<br>● kann að búa til mynstur |
| **Rúmfræði og mælingar** | ● notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu. | ● þekkja einföld form,<br>● mynsturgerð,<br>● flokkun forma og mynda,<br>● skilji hugtök sem lýsa staðsetningu,<br>● útikennsla. | ● kann að nota reglustiku til að mæla,<br>● kann að mæla hluti með öðrum hlutum,<br>● þekkir hugtökin undir, yfir, milli, fyrir framan, fyrir aftan, langur og stuttur,<br>● þekkir hring, ferning, ferhyrning og þríhyrning,<br>● þekkir píramída, sívalning, kúlu og strendinga. |
| **Tölfræði og líkindi** | ● safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið. | ● safna og flokka gögn í viðeigandi flokka,<br>● nota talnastrik og búa til einföld súlurit út frá þeim,<br>● lesa úr einföldum súluritum,<br>● útikennsla. | ● flokkar hluti eftir lit, lögun, lengd og stærð,<br>● notar talnastrik og býr til súlurit,<br>● les úr súluritum. |

| Samfélagsgreinar við lok 1. bekkjar: | | | |
|---|---|---|---|
| **Námsþættir:** | **Hæfniviðmið<br>Nemandi getur:** | **Námsleiðir** | **Matsviðmið<br>Nemandi:** |
| **Reynsluheimur**<br><br>**Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann.** | ● borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi,<br>● gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni,<br>● sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar,<br>● áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna,<br>● varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu,<br>● lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga. | ● reglulegir bekkjarfundir,<br>● umræðu- og spurnaraðferðir sem reyna á samræðu og gagnrýna hugsun,<br>● para- og hópvinna,<br>● hlutverkaleikir, námsleikir og leikræn tjáning,<br>● söguaðferð,<br>● vettvangsferðir t.d. á söfn og opinberar stofnanir,<br>● útikennsla. | ● þekkir skólann og umhverfi hans,<br>● ber virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum,<br>● gerir sér grein fyrir fjölbreytileika,<br>● gerir sér grein fyrir mikilvægi hollustu og heilbrigðis, |
| **Hugarheimur**<br><br>**Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.** | ● sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum, | ● mismunandi námstækni,<br>● leikræn tjáning og framsögn,<br>● skoðanaskipti og rökræða. | ● getur sagt frá fjölskyldugerðum og sinni eigin fjölskyldu, |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Félagsheimur**<br><br>**Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.** | ● tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi,<br>● áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum,<br>● sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,<br>● áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna,<br>● sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi,<br>● rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni. | ● bekkjarfundir,<br>● hópvinna,<br>● skoðanaskipti,<br>● klípusögur,<br>● verkefni sem reyna á siðferðileg gildi og umræður. | ● tekur þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi,<br>● getur farið eftir einföldum fyrirmælum,<br>● áttar sig á afleiðingum athafna sinna,<br>● þekkir til Barnasáttmálans,<br>● þekkir til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. |

| Náttúrugreinar við lok 1. bekkjar | | | |
|---|---|---|---|
| **Námsþættir:** | **Hæfniviðmið**<br>**Nemandi getur:** | **Námsleiðir** | **Matsviðmið**<br>**Nemandi:** |
| **Hæfniviðmið um verklag** | | | |
| **Geta til aðgerða** | • sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því. | • útikennsla,<br>• umræður,<br>• umhverfisskoðun (inni og úti),<br>• einstaklings-, para- og hópavinna,<br>• tjáning. | • lýsir algengustu lífverum í umhverfi sínu. |
| **Nýsköpun og hagnýting þekkingar** | • Unnið eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leitað að þörfum í daglegu umhverfi fólks, fundið lausn, hannað afurð. | • vettvangsferðir,<br>• umræður,<br>• umhverfisskoðun (inni og úti),<br>• einstaklings-, para- og hópavinna,<br>• tjáning, sköpun | • hannar afurð með stafrænni tækni. |
| **Gildi og hlutverk vísinda og tækni** | • gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana. | • útikennsla,<br>• vettvangsferðir,<br>• umræður,<br>• umhverfisskoðun (inni og úti),<br>• einstaklings-, para- og hópavinna,<br>• tjáning. | • gerir sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni. |
| **Vinnubrögð og færni** | • hlustað á og rætt hugmyndir annarra,<br>• sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni. | • umræður,<br>• einstaklings-, para- og hópavinna,<br>• tjáning, sköpun og leikir,<br>• söngur,<br>• virk hlustun,<br>• fræðslu- og heimildarmyndir,<br>• noti margmiðlun við verkefna vinnu. | • hlustar, ræðir og tekur þátt í einföldum athugunum. |
| **Ábyrgð á umhverfinu** | • tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð, | • útikennsla,<br>• vettvangsferðir,<br>• umræður,<br>• umhverfisskoðun (inni og úti), | • sýnir félögum og náttúru alúð,<br>• tekur þátt í að skoða og greina eigið umhverfi og náttúru, |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru. | • einstaklings-, para- og hópavinna,<br>• tjáning, sköpun, söngur og leikir. | |
| **Hæfniviðmið um viðfangsefni** | | | |
| **Að búa á jörðinni** | • Fylgst með og skrá upplýsingar um veður í heimabyggð. | • útikennsla,<br>• umræður,<br>• umhverfisskoðun (inni og úti),<br>• einstaklings-, para- og hópavinna,<br>• tjáning, | • fylgist með veðri í heimabyggð. |
| **Lífsskilyrði manna** | • Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannslíkamans,<br>• útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans,<br>• bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi. | • umræður,<br>• einstaklings-, para- og hópavinna,<br>• tjáning. | • þekkir líkama sinn, byggingu, starfsemi og einkastaði<br>• veit hvernig barn verður til,<br>• þekkir skaðleg efni og hvernig sjúkdómar og sýklar eru smitandi. |
| **Náttúra Íslands** | • Útskýrt einkenni lifandi vera, skýrt með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfi. | • útikennsla,<br>• umræður,<br>• umhverfisskoðun (inni og úti),<br>• einstaklings-, para- og hópavinna,<br>• tjáning. | • útskýrir einkenni lífvera, lífsskilyrði þeirra og tengsl við umhverfi. |
| **Heilbrigði umhverfisins** | • Flokkað úrgang. | • útikennsla,<br>• umræður,<br>• umhverfisskoðun (inni og úti),<br>• einstaklings-, para- og hópavinna, | • þekkir og flokkar úrgang. |
| **Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu** | • Rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum. | • umræður,<br>• einstaklings-, para- og hópavinna,<br>• tjáning. | • tekur þátt í umræðum um uppfinningar. |